

# FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## 136. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins haldinn þann 28. október 2021 kl. 14:00.

Til fundarins mættu: Árný Sigurðardóttir og Helgi Guðjónsson frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Árni Davíðsson frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis og Hörður Þorsteinsson og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði.

### Dagskrá:

#### HKJ fundarefni:

1. Kynnt niðurstaða svæðisskipulagsnefndar varðandi framlengingu á gildistöku vatnsverndar í Mosfellsdal. Niðurstaða nefndar var að ekki væru gerðar athugasemdir við framlengingu á frestun á gildistöku vatnsverndar í Mosfellsdal til ársins 2024.
2. Veitur ohf. sóttu þann 10. september 2021 um tímabundið starfsleyfi til að taka niður loftlínur og plægja háspennustreng í jörð á grannsvæði og fjarsvæði vatnsverndar við Laxnesdý í Mosfellsdal. Leyfið var gefið út þann 15. okt. með gildistíma til 31. desember 2021
3. Þann 17. september 2021 sótti Gunnar Hrafn Gunnarsson f.h. Mosfellsbæjar um tímabundið starfsleyfi fyrir borun vinnsluholu fyrir vatnsveitu Mosfellsbæjar í Hádegisholti í Mosfellsdal á tímabilinu 20.12.2021 til 20.12.2022. Vinnusvæðið er á fjarsvæði vatnsverndar við vatnsbólið í Laxnesdýjum. Er í auglýsingu til 26. október n.k.
4. Þann 13. október s.l. var farið í eftirlitsferð að jörðinni Seljabrekku í Mosfellsdal sem er í eigu Vatnsborunar ehf. Starfsemi og umgengni á jörðinni getur ekki talist uppfylla ákvæði samþykktar um vatnsvernd um grannsvæði eða fjarsvæði. Starfsemin er ekki með starfsleyfi og hefur ekki verið tilkynnt til heilbrigðiseftirlits né sótt um starfsleyfi. Málið er í vinnslu.
5. Gerð grein fyrir gulleit í Þormóðsdal með jarðborunum. Gulleitarsvæðið er utan vatnsverndarsvæðisins en ástæða er til að fylgjast með framvindu málsins þar sem það er tæpa 2 km frá jaðri vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins. Fylgst verður með framvindu verkefnisins

#### HHK fundarefni:

Starfleyfismál. HHK hefur samþykkt að veita fimm starfsleyfi innan vatnsverndarsvæðis á undanförunum mánuðum.

6. Mannvirkjagerð. Bláfjöll Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins. Leyfi til að setja upp salernishús í Suðurgili. Gefin út
7. Mannvirkjagerð. Veitur ohf. Suðurlandsvegur. Lagning háspennustrengs í jörð. Tímabundið starfsleyfi. Gefin út

## FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

8. Mannvirkjagerð. Vegagerðin. Breikkun Suðurlandsvegur. Í biðstöðu
9. Mannvirkjagerð. Jarðval. Breikkun Suðurlandsvegur. Í biðstöðu
10. Bragi Sigurjónsson, Geirland við Suðurlandsveg, efnisvinnsla. Endurnýjun leyfis til 4 ára. Í vinnslu
11. Umsögn um framkvæmdir varðandi hliðarveg við Suðurlandsveg. Kynnt bókun heilbrigðisnefndar og hún lögð fram. Heilbrigðisnefnd telur að ekki þurfi að fara í umhverfismat. Í vinnslu.

### HER fundarefni:

12. Gefið var út leyfi til 3H Travel ehf. Vegna starfsemi við Þríhnúkagíg. Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og er það í kynningu og vinnslu.
13. Umsókn Veitna ohf. um tímabundið starfsleyfi vegna árlegrar yfirferðar á vegum og plönnum innan vatnsverndar girðinganna í Heiðmörk. Leyfið var gefið út þann 28. september 2021 með gildistíma frá 28. september til 24. október 2021.
14. Umsókn Veitna ohf. um tímabundið starfsleyfi vegna uppsetningar á brunahana í Vatnsendakrikum. Leyfið var gefið út þann 26. október 2021 með gildistíma frá 1. nóvember til 11. desember 2021.
15. Umsókn Veitna ohf. um tímabundið starfsleyfi vegna viðhalds á þakglugga og viðhald á dæluhúsi. Leyfið var gefið út þann 3. ágúst. með gildistíma frá 3. ágúst til 31. júlí 2021.
16. Farið yfir stöðu mála við Dýradal – svarbréf HER dags. 14. október 2021. Málið er í vinnslu

### Önnur mál:

- Í undirbúningi eru tilraunaboranir á Bláfjallsvæðinu en um er að ræða að boraðar verða rannsóknarholur til að styrkja grunnvatnslíkan svæðisins, en settir verða síritamælar til að fylgjast með straumum, stöðu grunnvatns og vatnsgæðum. Unnið er að staðsetningu á holunum með það fyrir augum að rask verði sem minnst, en einhver slóðagerð er þó nauðsynleg.
- Stefnt er að borun vinnslu borhola fyrir snjóframleiðslu á svæðinu sem einnig verða nýttar til öflunar vitneskju um strauma á svæðinu með síritandi mælum.
- Framkvæmdin er líklega tilkynningaskyld til skipulagsstofnunar.

Fleira ekki gert//HG

# FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS